

Fundur í stjórn Listasafns Árnésinga, haldinn í Listasafni Árnésinga 27. september 2024, kl. 8:30

Mætt eru:

Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Kristín Scheving, safnstjóri, Njörður Sigurðsson, og Bjarni H. Ásbjörnsson sem skrifaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2025

Kristín safnstjóri lagi fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Gert er ráð fyrir að tekjuliðir hækki um 4,4 milljónir eða 6%. Gert er ráð fyrir að framlag Héraðsnefndar hækki um 4%.

Gjaldaliðir hækka til samræmis við auknar tekjur þar sem safnið er ekki rekið með afgangi. Launakostnaður hækkar lítið vegna breytinga á starfsmannahaldi. Auk safnstjóra er einn starfsmaður í föstu starfi. Aðstoð er kölluð til við sýningar.

2. Ástand safnsins, skýrsla frá Runólfi Þór Jónssyni, mannvirkjafulltrúa Hveragerðisbæjar.

Runólfur kom á fundinn kl 9:00.

Stærsta vandamál hússins er þakið sem er víða ryðgað og heldur illa vatni og þakgluggar, 26 að tölu, sem allir eru illa farnir. Lekar með þeim skapa mikla hættu á skemmdum á safnakosti safnsins. Gluggar á hliðum hússi eru allir orðnir lúnir og fúnir víða. Heildarkostnaður við allar lagfæringar er lauslega áætlaður um 60 – 65 milljónir. Möguleiki er að skipta verkinu upp í smærri einingar. Brýnasta viðgerðin liggur í þakgluggum.

Stjórn er sammála um það að best væri að fara í heildarviðgerðir á húsnæðinu eins og lagt er upp með í yfirliti Runólfs.

3. Sýningar safnsins 2025.

Margvíslegar sýningar verða opnaðar á næsta ári. Þar kennir ýmissa grasa og fjölbreytnin ræður ríkjum. Finna má yfirlit yfir sýningarnar á vefsvæði listasafnsins, www.listasafnarnesinga.is

4. Önnur mál.


Garðyrkjuskólinn á Reykjum hefur unnið útskriftarverkefni varðandi breytingar á lóð safnsins. Sú vinna leiddi til þess að opnuð hefur verið sýning á safninu sem teygir sig út fyrir vegg húsins, út í garðinn og víðar í nærumhverfi safnsins.

Sýninging, Sums – Differences, sem varð til í listasafninu hefur farið víða um heim og verið tilnefnd til verðlauna í Tékklandi. Það er mikill heiður fyrir listasafnið.


Starfsnemi á vegum Erasmus áætlunarinnar kemur til starfa í safninu á næstunni.

Undirbúningur er hafinn að því að halda pólska menningarhátíð í safninu í námunda við þjóðhátíðardag Pólverja í nóvember.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 9:45




Arna Ír Gunnarsdóttir formaður



Bjarni H. Ásbjörnsson



Njörður Sigurðsson



Kristín Scheving, safnstjóri.